

## GJALDSKRÁ

**fyrir kattahald í Ísafjarðarbæ.**

1. gr.

Af köttum í Ísafjarðarbæ skal Ísafjarðarbær innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um kattahald nr. 925/2003.

2. gr.

Við leyfisveitingu katta skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr. 1.950
----------------------	-----------

3. gr.

Af leyfðum köttum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn köttur	kr. 1.950
-------------	-----------

4. gr.

Greiðslur vegna merkinga og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. grein er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald í Ísafjarðarbæ nr. 280/2007.

*Ísafjarðarbæ, 14. desember 2007.*

**Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.